

Nr. 17-162 S 121 Neisti SU 5**Reykur um borð**

Skipaskr.nr. 1834
Smíðaður: Bátalón, 1987, stál.
Útgerð: Siggi afi ehf.
Stærð: 9,77 brl. 16,89 bt.
Mesta lengd: 11,99 m Skráð lengd: 11,96 m
Breidd: 3,81 m Dýpt: 1,05 m
Vél: Mitsubishi, 147 kw, 1987.
Fjöldi skipverja: 1



Neisti © Guðlaugur G

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. nóvember 2017 var báturinn Neisti SU 5 við landfestar í Ólafsvíkurhöfn.
Veður: SA 1 m/s.

Slökkvilið Snæfellsbæjar var kallað út eftir að hafnarverðir veittu því athygli að mikinn reyk lagði frá stýrishúsi Neista SU. Í ljós kom að reykurinn var frá SOLO kabyssu.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn hafði yfirgefið bátinn með kabyssuna í gangi til að halda bátnum heitum;
- að sótrörið frá kabyssunni hafði stíflast og báturinn því fyllst af reyk.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.